



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 24. febrúar 2023, 1.–4. gr.

Málsheiti og nr.	Breyting á lögum um samræmda neyðarsvörun. DMR26060153
Ráðuneyti og skrifstofa	Dómsmálaráðuneytið. Skrifstofa löggæslumála.
Innleiðing EES-gerðar?	☐ Já ☒ Nei
Dags.	29. júní 2026.

A. Tilefni

Forsaga máls og tilefni, þar á meðal að hvaða marki gildandi lög og reglur duga ekki til?
Með lögum um samræmda neyðarsvörun, nr. 40/2008, er m.a. kveðið á um hlutverk vaktstöðvar samræmdrar neyðarsvörunar (Neyðarlínunnar), réttindi og skyldur viðbragðsaðila og hvernig fara skuli með upplýsingar sem berast vaktstöðinni.

Svo viðbragðsaðilar og aðrir sem reiða sig á nauðsynlegar upplýsingar sem berast Neyðarlínunni geti nýtt þær á skilvirknan hátt, hefur verið ákall um að Neyðarlínan bæti vinnslu og miðlun upplýsinga. Tilefni lagabreytinga er að skerpa á þessum heimildum Neyðarlínunnar til að taka af allan vafa um lögmæti vinnslunnar. Þá eru skiptar skoðanir um skýrleika ákvæða laganna um hlutverk Neyðarlínunnar í þeim efnum, sem ætlunin er að endurskoða með lagabreytingum. Þar sem heimildir og hlutverk Neyðarlínunnar byggjast á framangreindum lögum sem og samningi Neyðarlínunnar við dómsmálaráðherra, sbr. 2. mgr. 8. gr. laganna, kalla áformin á lagabreytingar.

B. Markmið

1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki (t.d. stjórnarsáttmáli).

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar kemur meðal annars fram að eitt af forgangsverkefnum ríkisstjórnarinnar er að hagræða og einfalda stjórnsýslu. Með því að lögfesta skýr ákvæði um heimildir og hlutverk Neyðarlínunnar er tækifæri til að hagræða og einfalda stjórnsýslu viðbragðsaðila og annarra sem reiða sig á nauðsynlegar upplýsingar frá Neyðarlínunni.

2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu.

Meginmarkmið fyrirhugaðrar breytingar á lögum um samræmda neyðarsvörun er að auka skýrleika laganna og þannig tryggja að viðeigandi stjórnvöld geti sinnt lögbundnum skyldum sínum með skilvirkari hætti.

C. Útfærsla

1. Stutt lýsing á þeirri útfærslu sem áformuð er, heildarlög/breytingalög, innleiðing EES-gerðar o.s.frv. Rökstuðningur þar sem reifaðar eru mögulegar leiðir við lagasetningu.

Þar sem hlutverk Neyðarlínunnar er lögfest með lögum um samræmda neyðarsvörun, nr. 40/2008, þarf að gera breytingar á þeim lögum. Einnig þarf að skoða hvort áformin kalli á breytingar á öðrum lögum vegna vinnslu og miðlunar nauðsynlegra upplýsinga í þágu lögbundinna verkefna. Hugað verður sérstaklega að því að breytingarnar samræmist lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018, þar sem um er að ræða persónuupplýsingar um einstaklinga sem oft geta talist viðkvæmar í skilningi laganna. Auk framangreinds verður tekið til skoðunar hvort tilefni er til að taka önnur ákvæði laganna til endurskoðunar.

2. Að auki, ef innleiðing EES-gerðar: Taka þarf fram ef fyrirhugað er að ganga lengra en lágmarkskröfur gerðar kveða á um og greina frá ástæðum þess (svigrúm til innleiðingar).
D. Breytingar
Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott. Til að ná þeim markmiðum sem stefnt er að, er ljóst að breyta þarf núgildandi lögum. Þá þarf einnig að taka til skoðunar hvort breyta þurfi ákvæðum annarra gildandi laga.
E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar
1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga? Ekki er talið að áformin gefi tilefni til að ætla, að fyrirhugaðar breytingar stangist á við stjórnarskrá eða alþjóðlegar skuldbindingar Íslands. 2. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu? 3. Eru önnur lög sem taka þarf tillit til? Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018, stjórnsýslulög, nr. 37/1993, og eftir atvikum önnur sérlög sem varðar lögbundin verkefni viðbragðsaðila og annarra.
F. Samráð
1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar? Neyðarlínan ohf., viðbragðsaðilar (sjúkraflutningsaðilar, slökkvilið o.fl.), heilbrigðisráðuneytið og félags- og húsnæðismálaráðuneytið. 2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta? Löggjöfin sem gera á breytingar á heyrir undir málefna svið dómsmálaráðuneytisins. Tekið verður til skoðunar hvort áformin kalli á afleiðingarbreytingar á löggjöf sem heyrir undir önnur ráðuneyti, þá aðallega heilbrigðisráðuneytið og félags- og húsnæðismálaráðuneytið. 3. Samráð sem þegar hefur farið fram. Áform um breytingar á lögum um samræmda neyðarsvörun hafa verið rædd við fulltrúa heilbrigðisráðuneytisins og félags- og vinnumálaráðuneytisins. Þá hefur samráð verið haft við Neyðarlínuna ohf. 4. Fyrirhugað samráð (samráðsgátt og annað samráð). Áform um lagasetningu og frummat á áhrifum lagasetningar verða send í innra samráð innan Stjórnarráðsins og í ytra samráð í samráðsgátt stjórnvalda. Þá verða áformin og nánari útfærsla unnin í nánú sambandi við Neyðarlínuna ohf. og eftir atvikum aðra aðila sem málið kann að varða.
G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er
1. Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal. Áformað er að gera breytingar á lögum um samræmda neyðarsvörun nr. 40/2008. Breytingarnar felast helst í að settar verði styrkari lagastöðir undir heimildir Neyðarlínunnar til vinnslu og miðlunar viðkvæmra persónuupplýsinga. Einnig er stefnt að því að skýra hlutverk Neyðarlínunnar betur en gert er í gildandi lögum. Með breytingunum verður verklag skýrara og hnitmiðaðra en nú er. Ekki er gert ráð fyrir því að fyrirhugaðar lagabreytingar hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð en starfsemi Neyðarlínunnar er fjármögnuð með þjónustusamningi við ríkissjóð.

H. Gildistaka og næstu skref	
1.	Hvenær er gert ráð fyrir gildistöku? Hvað má ætla að þeir sem verða fyrir áhrifum, þ.e. opinberar stofnanir, hagsmunaaðilar og almenningur, þurfi langan tíma til undirbúnings og aðlögunar? Ekki er gert ráð fyrir að samþykkt breytingalaganna þurfi langan undirbúningstíma, enda fari Neyðarlínan þegar með framkvæmd laga um samræmda neyðarsvörun og því sé ekki um stefnubreytingu að ræða. Gert er ráð fyrir að gildistaka verði við samþykkt laganna.
2.	Mælikvarðar á árangur. Mælikvarðar eru þau heildaráhrif sem lagabreytingarnar munu hafa í för með sér, m.a. bætt stjórnsýsla, eftirfylgni og skýrslugjöf hjá viðbragðsaðilum og eftir atvikum öðrum aðilum sem málið kunna að varða.
I. Annað	
J. Fylgiskjöl	
1.	Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað.
2.	Önnur fylgiskjöl eftir atvikum.